

Dalabyggð

Stöðumat og valkostir

4. mars 2021

Róbert Ragnarsson
Ragnar Ágúst Róbertsson
Freyja Sigurgeirsdóttir

Teikningar: Elín Elísabet og Rán Flygenring



Verkefnið

- Markmið verkefnisins er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Dalabyggðar ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur.
- Auðvelda sveitarstjórn að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög skuli hefja sameiningarviðræður.
- Verkefnishópur
 - Eyjólfur Ingvi Bjarnason, oddviti
 - Kristján Sturluson sveitarstjóri
 - Skúli Hreinn Guðbjörnsson, formaður byggðaráðs
 - Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnisstjóri og starfsmaður verkefnishóps



Þróun Dalabyggðar frá 1950

| | | | | | |
|-----------------------|------|---------------------|--|------|-----------|
| Saurbæjarhreppur | | | | 2006 | |
| Skógarstrandarhreppur | | | | 1998 | |
| Hörðudalshreppur | 1992 | Suðurdalahreppur | | 1994 | |
| Miðdalahreppur | | | | | |
| Haukadalshreppur | | | | | Dalabyggð |
| Laxárdalshreppur | | | | 1994 | |
| Hvammshreppur | | | | | |
| Fellsstrandarhreppur | 1986 | Fellstrandarhreppur | | 1994 | |
| Klofningshreppur | | | | | |
| Skarðshreppur | | | | 1994 | |

Verkskipulag

- Tvær vinnustofur með kjörnum fulltrúum og starfsfólki
 - Vinnustofa I fór fram 24. ágúst
 - Vinnustofa II fór fram 25. október
- Íbúafundur þar sem stöðugreining er kynnt og sjónarmiða íbúa leitað.
 - 28. janúar 2021
 - Hvaða þættir skipta íbúana mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur?
- Vinnustofa III
 - 18. febrúar 2021
 - Vísbendingar og niðurstöður frá vinnustofum og íbúafundi greindar og niðurstöður dregnar saman.



Stefna stjórnvalda

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023
 - Áherslur:
 - aukið bolmagn sveitarfélaga
 - aukið íbúalýðræði
 - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
 - bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
 - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
 - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
 - Felur í sér stefnu um að lágmarksíbúafjöldi verði settur í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn

Aðgerðaáætlun 2019-2023

1. Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga

Að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni.

2. Fjárhagslegur stuðningur við sameiningar

Að stóraka stuðning við sameiningu sveitarfélaga.

3. Tekjustofnar sveitarfélaga

Að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og auka fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

4. Fjármál og skuldaviðmið

Að tryggja sjálfbærni fjármála sveitarfélaga og lækkun skuldaviðmiðs sveitarstjórnarlaga fyrir A- og B-hluta reikningsskila sveitarfélaga.

5. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Að móta aðgerðaáætlun um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

6. Landshlutasamtök sveitarfélaga og samvinna sveitarfélaga

Að skýra stöðu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga.

7. Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Að gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaga og rétt þeirra til að ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð, svo sem verkefnum og fjárhag.

8. Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og gæta að kynjajafnrétti sveitarstjórnarfólks.

9. Lýðræðislegur vettvangur

Að bæta aðkomu almennings að ákvarðanatöku og stefnumótun á sveitarstjórnarstigi

10. Stafræn stjórnsýsla sveitarfélaga

Að bæta aðgengi almennings að þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaga, bæta samskipti og tryggja gott flæði upplýsinga.

11. Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni

Að auka fjölbreytni í atvinnulífi um allt land og bæta forsendur fyrir jöfn tækifæri sveitarfélaga óháð stærð og staðsetningu til sjálfbærs vaxtar.

Stöðugreining Dalabyggðar

- Stöðugreiningin er unnin á grunni fyrirliggjandi skýrslna og gagna um samfélag og atvinnulíf í Dalabyggð, svo sem
 - Svæðisskipulag Dala, Reykhóla og Stranda
 - Stefnumótun fyrir Dalabyggð 2019-2022
 - Áfangastaðaáætlun Vesturlands
 - Íbúakönnun og fyrirtækjakönnun SSV
- Á vinnustofunum framkvæmdi hver hópur sína greiningu fyrir Dalabyggð á grunni SVÓT
 - Verkefnið var að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Dalabyggðar ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur

Stjórnsýsla

- Á skrifstofu sveitarfélagsins eru átta starfsmenn sem sinna stjórnsýslu og fjármálum sveitarfélagsins og annarri miðlægri þjónustu við íbúa.
 - Sveitarstjóri
 - Skrifstofustjóri
 - Bókari
 - Þjónustufulltrúi
 - Persónuverndarfulltrúi
 - Ípróttta- og tómstundafulltrúi
 - Verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og ferðamála auk menningarmála og umsjá heimasíðu
 - Skipulagsfulltrúi
 - Umsjónarmaður framkvæmda og verkefnisstjóri Dalaveitna
- Í sveitarstjórn Dalabyggðar sitja 7 fulltrúar.
- Þriggja manna byggðaráð
- Fastanefndir eru 8
 - Atvinnumálanefnd
 - Félagsmálanefnd
 - Fjallskilaneftndir
 - Fræðslunefnd
 - Kjörstjórn
 - Menningarmálanefnd
 - Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns
 - Umhverfis- og skipulagsnefnd

Samstarf sveitarfélaga um þjónustu

- Dalabyggð er þátttakandi í 20 stjórnnum og samstarfsnefndum

Félagsþjónusta, barnavernd
og málefni fatlaðs fólks

Dalabyggð og Borgarbyggð

Skipulagsfulltrúi

Árneshreppur, Dalabyggð,
Reykholahreppur,
Kaldrananeshreppur og
Strandabyggð

Byggingafulltrúi

Árneshreppur, Dalabyggð,
Reykholahreppur,
Kaldrananeshreppur og
Strandabyggð

Sorpurðun Vesturlands hf.

Öll sveitarfélög á Vesturlandi


Brunavarnir Dala, Reykhóla
og Stranda bs.

Dalabyggð, Reykhólahreppur,
Strandabyggð

Opinber þjónusta í Dalabyggð

- Auðarskóli
 - Um 84 nemendur stunda grunnskólanám.
 - Um 20 nemendur stunda leikskólanám.
 - Tónlistarskóli í Dalabúð.
- Heilbrigðisumdæmi Vesturlands
 - Heilsugæslustöð í Búðardal sem sinnir einnig heilsugæsluseli á Reykhólum.
 - Hjúkrunarheimilið Fellsendi og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún.
- Sýslumaðurinn á Vesturlandi
 - Þjónustuskrifstofa.

Íbúapróun í Dalabyggð



Fjárhagur Dalabyggðar

- Sveitarfélagið hefur verið rekið með ágætum afgangi undanfarin ár
- Hátt hlutfall tekna úr Jöfnunarsjóði gerir reksturinn viðkvæman fyrir breytingum
- Skuldir eru frekar lágar og skuldahlutfall um 68%
- Fjárfestingageta er ágæt, en sveitarfélagið hefur fjárfest fyrir rúmar 70 mkr. árlega að meðaltali undanfarin þrjú ár
- Það eru miklar fjárfestingar framundan sem verða fjármagnaðar með lántöku og sölu eigna

Atvinnulíf

- Dalabyggð er búsældarlegt landbúnaðarhérað.
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru stærstu atvinnuvegirnir og þá heilbrigðis- og fræðslustarfsemi.
- Dalabyggð liggur að Breiðafirði og nýtur hins einstaka umhverfis og lífríkis fjarðarins.
- Dýrmætar og vel þekktar laxveiðiár eru í Dalabyggð. Víða má finna lághitasvæði, hverir og laugar og má þar t.d. nefna Sælingsdal. Þá eru mörg sérstæð náttúrufyrirbæri sem draga að sér gesti.
- Vaxandi ferðapjónusta hefur skapað ný störf sem hafa að hluta komið í stað starfa sem hafa tapast.

Styrkleikar Dalabyggðar

- Gott þjónustuumhverfi í Búðardal og umferð um svæðið
- Gott skólastarf
 - Auðarskóli með grunn-, leik- og tónlistarskóla
- Heilbrigðisþjónusta
 - Heilsugæsla
 - Dvalarheimili
 - Heilbrigðisstarfsfólk með búsetu í Dalabyggð
- Menning og saga svæðisins
- Góð skilyrði til landbúnaðar og ferðaþjónustu



Veikleikar Dalabyggðar

- Samgöngur
 - Vegtenging við Snæfellsnes og Húnavatnssýslu
 - Ástand héraðs- og tengivega
 - Almenningsamgöngur
- Íbúapróun
 - Fámenni og þá sérstaklega skortur á ungu fólki
- Einhæft atvinnulíf
 - Samdráttur í landbúnaði, aðgengi að raforku, aðstaða til framhaldsnáms og skortur á sérfræðipekkingu.
- Vöruverð og framboð í verslun og þjónustu
- Framboð á íbúðarhúsnæði



Ógnanir Dalabyggðar

- Íbúapróun og aldursdreifing
- Brothætt og einhæft atvinnulíf
- Breytingar í verslun og þjónustu
- Breytingar í landbúnaði
- Breytingar í heilbrigðisþjónustu
- Færsla opinberra starfa og fyrirtækja
- Lagaumhverfið
 - Sveitarstjórnarlög og fjármögnun sveitarfélaga
 - Kröfur í umhverfismálum



Tækifæri Dalabyggðar


- Nýsköpun og rannsóknir, sérstaklega í matvælaframleiðslu og ferðapjónustu
- Afþreying, menning, gisti- og veitingapjónusta
- Aukin sókn fyrir matarhéraðið í Dölum
- Verslun og þjónusta vegna staðsetningar
- Þátttaka í stafrænu byltingunni
 - Fjarvinna og fjarnám

TÆKIFÆRI



Vísbendingar frá íbúafundi

Ætti Dalabyggð að hefja sameiningarviðræður?



Hver ættu að vera áherslatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Samgöngur og jöfn þjónusta

Gæta að innviðum.

Sterkara sveitarfélag eftir sameiningu.

Halda skólanum

Atvinnuþróun og íbúafjölgun

Leggja áherslu á fjölbreytt atvinnulíf.

Samgöngur

Skóli samgöngur atvinna

Vernda núverandi störf og þjónustu. Velja kost sem gefur mesta kosti í íbúafjölgun og þá aðallega fjölgun barnafjölskyldna.

Hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Samgöngur, skólamál verslun og þjónusta, heilbrigðismál, atvinnumál

uppbyggingarhugsun-samstarfsvilji-víðsýni

verja þá þjónustu sem er til staðar og efla alla þjónustu. Eigum samleið með öðrum landbúnaðrhéruðum frekar en sjávarútvegi. Þarf að leggja áherslu á vegakerfið sama hvert væri sameinast.

Að sameinast sveitarfélögum innan Vesturlands

Samgöngur

Uppbygging innviða og fjölbreyttara atvinnulíf, þannig að unga fólkid komi aftur heim eftir nám. gott væri einnig að vera með fjarkennslu svo að ungmenni gætu verið lengur í heimabyggð.

Matvælaframleiðsla, sagnaarfurinn/ferðaþjónusta,

Samgöngubætur! Áhersla á Dalabyggð sem miðju sveitarfélags og miðstöð milli landshluta, mikilvægan áfangastað í ferðaþjónustu á mótum, Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands. Sameining á jafningjagrunni, þannig að við verðum ekki afgangsstærð.

Xxxxxxx

Hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Samgöngur, þjónusta, styrkja og efla Dalabyggð ekki með að horfa á einhver meðaltöl eða aukinn íbúafjölda í sameinuðum sveitarfélagi, td ef ekkert af því sem batnar er kannski ekki í Dalabyggð þá er það ekki styrkur fyrir Dalabyggð

Sókn svæðisins og átak í fjölgun fjölbreyttra starfa sem krefjast margskonar menntunar.

Standa vörð um þjónustu á svæðinu. Notaðu tækifærið einnig til að reyna ná fram sókn í samgöngumálum auk atvinnumála með styrkjum frá ríkinu. Eða fá opinberar stofnanir í sveitarfélagið. t.d. höfuðstöðvar Rarik eins og hefur verið til umræðu á alþingi.

góðar samgöngur

Bættar samgöngur

Vegur um Skógarströnd. Bætt vegasamband um Heydal. Áhersla á skógrækt, því trjám er plantað til framtíðar og mun skapa störf í framtíð

Að halda núverandi þjónustustigi eða auka það. Að auka fjölbreytni atvinnulífs. Að halda störfum á stjórnsýslustigi. Að halda í og/eða auka í á menntasviði. Að viðsemjendur mætist á jafningjagrunðvelli, þ.e ekki verði til „sá stóri“ eða „sá litlu“

Að hægt sé að tryggja góðar samgöngur innan svæðisins. Að skólamál haldist óbreytt. Að opinber þjónusta sé miðsvæðis eða aðgengileg í gegnum fjarbúnað.

Festa öflugan skógrækt í aðalskipula sveitarfélagsins sem verður valið með Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem háskóla svæðisins.

Hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Skapa tengsl við Breiðafjarðarnend sem hefur umsjón með dýrmætu umhverfissvæði í hjarta Breiðafjarðar

Halda skóla og heilbrigðismálum hér

Stykkishólmur, Dalabygð

Samgöngu og atvinnumál.

Vera miðlæg starfsstöð fyrir sveitarfélögi.

Stykkishólmur, Dalabygð

Atvinnu og samgöngumál.

Stykkishólmur, Skógarströnd og Dalabygð sameinist

Samgöngubætur

Hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Opinber störf inn á svæðið

Skilvirkni, sjálfbærni og skógrækt

Að hámarka val á tekjugrundvelli þeirra sveitarfélaga sem valdir eru

Ef Vesturlands sameining væri farin að athuga hvort Hvalfjarðarsveit vilji vera með í viðræðum.

Ganga frá Skógarstrandaveginum. Takk fyrir.

Að velja sveitarfélög sem keppast við að sinna markmiðum Parísarsáttmálans og styðja þá atvinnuþróun sem í henni felst eins og að hámarka kolefnisbindingu í atvinnustarfsemi sinni og lágmarka kolefnisnotkun í framleiðslu. Nýta vind-og fallorku vatns

skólasamfelag og heilbrigðisþjónustu í heimabyggð

Samgöngur, skólar, atvinnumál, heilbrigðismál, félagsmál,

Efla skógrækt á svæðinu. Höfða til aðila sem geta unnið í fjarvinnu. Ekki festast í viðjum vanans með atvinnu. Skógarstrandarvegur verði lagfærður

Hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar í viðræðum?

Nýta orku sjávarfalla í fjörðum með brúargerð og hverflum sem nýtast við aðfall og útfall til raforkuframleiðslu eins og í Álftafirði og Grundarfirði. Stofna nýsköpunarsetur í raforkuframleiðslu og geymslu hennar t.d. með vetni. Nýtingu metan gas.

Áhersluatriði í sameiningarviðræðum

- Skýr stefnumörkun og sóknaráætlun fyrir svæðið
 - Nýtt sveitarfélag í sókn, ekki vörn
 - Vinna áfram að nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífs og auka kraftinn
- Starfsstöð stjórnarsýslu af einhverju tagi í Dalabyggð
- Áhrif og aðkoma heimafólks að nærþjónustuverkefnum og stefnumótun
- Samgöngur innan nýs sveitarfélags séu greiðar
- Innviðir í Dalabyggð standi jafnir innviðum í þeim sveitarfélögum sem sameinast
- Grunnþjónusta verði eflað, en ekki takmörkuð
- Góð sérfræðiþjónusta við skólana, fólk með fötlun og aðra hópa



Lykilorð frá íbúafundi




Sameiningarvalkostir



- Verkefnishópurinn velti upp ýmsum valkostum
- Ákveðið var að skoða sex valkosti sérstaklega


Vesturland



- Hefð fyrir samstarfi sveitarfélaganna
- Íbúapróun jákvæð
- Góður rekstarafgangur
- Fjárfestingageta góð
- Skuldahlutfall um 87%
- Matvælaframleiðsluhérað
- Háskólastarfsemi og rannsóknir
- Framhaldsskólar
- Vöxtur í ferðaþjónustu UNESCO Geopark vottunarferli
- Samgöngur góðar

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|----------------------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 4.655 | 744 | |
| Borgarbyggð | 3.807 | 283 | 78 |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 117 | 135 | 80 |
| Skorradalshreppur | 58 | 102 | 92 |


Breiðafjörður



- Hefð fyrir samstarfi sveitarfélaganna
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis og skipulagsmálum
- Íbúapróun í jafnvægi undanfarin ár
- Góður rekstarafgangur
- Fjárfestingageta ágæt
- Skuldahlutfall um 106%
- Fjölbreyttara atvinnulíf
- Rannsóknarsetur
- Framhaldsskóli
- Vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta um Skógarströnd

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|----------------------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 3.177 | 1.677 | |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 117 | 135 | 80 |
| Grundarfjarðarbær | 866 | 569 | 106 |
| Helgafellssveit | 62 | 100 | 82 |
| Reykhólahreppur | 258 | 142 | 76 |
| Stykkishólmur | 1.201 | 508 | 86 |

Dalir, Stykkishólmur og Helgafellssveit



- Hefð fyrir samstarfi sveitarfélaganna
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis og skipulagsmálum
- Íbúapróun jákvæð
- Góður rekstrarafgangur
- Fjárfestingageta ágæt
- Skuldahlutfall um 109%
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Rannsóknarsetur
- Vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta um Skógarströnd

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|-----------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 1.936 | 831 | |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Helgafellssveit | 62 | 100 | 82 |
| Stykkishólmur | 1.201 | 508 | 86 |


Dalir, Strandir, Reykhólar



- Mikil hefð fyrir samstarfi
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis og skipulagsmálum
- Sameiginlegt svæðisskipulag
- Íbúapróun neikvæð
- Rekstur mjög viðkvæmur
- Fjárfestingageta lítil
- Skuldahlutfall um 71%
- Matvælaframleiðsla
- Hægur vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta norður um Strandir

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|--------------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 1.523 | 876 | |
| Árneshreppur | 40 | 117 | 242 |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Kaldrananeshreppur | 103 | 115 | 110 |
| Reykhólahreppur | 258 | 142 | 76 |
| Strandabyggð | 449 | 279 | 80 |


Dalir, Strandir, Reykhólar og Húnaþing



- Mikil hefð fyrir samstarfi við Strandir og Reykhóla
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis og skipulagsmálum
- Íbúapróun neikvæð
- Ágætur rekstarafgangur
- Fjárfestingageta ágæt
- Skuldahlutfall um 64%
- Matvælaframleiðsla
- Hægur vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta í Hrótafjörð og norður um Strandir

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|--------------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 2.704 | 1.018 | |
| Árneshreppur | 40 | 117 | 242 |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Húnaþing Vestra | 1.181 | 142 | 81 |
| Kaldrananeshreppur | 103 | 115 | 110 |
| Reykhólahreppur | 258 | 142 | 76 |
| Strandabyggð | 449 | 279 | 80 |

Dalir og Húnaþing




- Lítil hefð fyrir samstarfi
- Sameiginlegir hagsmunir í umhverfis og skipulagsmálum
- Íbúapróun í jafnvægi
- Góður rekstrarafgangur
- Fjárfestingageta góð
- Skuldahlutfall um 60%
- Matvælaframleiðsla
- Hægur vöxtur í ferðaþjónustu
- Samgöngur þarf að bæta í Hrítafjörð

| | Íbúafjöldi | Sameiningar- framlög | Vegalengd |
|-----------------|--------------|-------------------------|-----------|
| | 1.854 | 365 | |
| Dalabyggð | 673 | 223 | 0 |
| Húnaþing Vestra | 1.181 | 142 | 81 |

Röðun valkosta á íbúafundi

Hvaða valkostir ættu að vera í forgangi? Raðið frá 1-6



56 svarendur

Nánari greining forgangsröðunar

| Valkostur | 1. sæti | 2. sæti | 3. sæti | 4. sæti | 5. sæti | 6. sæti |
|---------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Vesturland | 8 | 9 | 9 | 4 | 2 | 15 |
| Breiðafjörður | 10 | 4 | 12 | 6 | 8 | 1 |
| Dalir, Stykkishólmur, Helgafellssveit | 7 | 13 | 2 | 13 | 9 | 2 |
| Dalir, Strandir, Reykhólar | 7 | 5 | 12 | 3 | 2 | 7 |
| Dalir, Strandir, Reykhólar, Húnaþing | 10 | 13 | 4 | 6 | 4 | 0 |
| Dalir og Húnaþing | 16 | 6 | 7 | 2 | 3 | 3 |

Verklag við sameiningarviðræður

Formlegar viðræður

- Lögbundið ferli sem endar með kosningum um sameiningartillögu
 - 119. gr. svstjl.
- Sveitarstjórnir þeirra sem eru í viðræðum skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi
- Samstarfsnefnd hefur mikið frelsi um verklag við undirbúning
- Mat á kostum og ókostum tillögunnar
- Íbúafundur og samráð
- Jöfnunarsjóði skylt að veita framlög

Óformlegar viðræður

- Könnunarviðræður
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta
- Íbúafundur og samráð
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði

Formlegar viðræður

Við erum hér



Ákvörðun um könnun



- Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga taka ákvörðun um að kanna möguleika á sameiningu.
- Skipuð er samstarfsnefnd um sameiningu sem í sitja a.m.k. tveir fulltrúar hvers sveitarfélags.
- Samstarfsnefnd hefur sjálfstætt umboð að lögum og starfar óháð hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.
- Samstarfsnefnd velur formann úr sínum hópi.

Undirbúningur



- Samstarfsnefnd hefur mikið frelsi um það hvernig hún hagar störfum sínum.
- Áhrif sameiningar eru greind og dregin upp mynd af því hvernig sameinað sveitarfélag gæti litið út.
- Samstarfsnefnd leitar eftir sjónarmiðum og hugmyndum íbúa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila við undirbúning tillögunnar.
- Mótuð er tillaga að framtíðarsýn og áherslum fyrir sameinað sveitarfélag.
- Vinnan er fjármögnuð með framlagi úr JS

Kynning á tillögu og forsendum



- Tillagan og helstu forsendur hennar eru kynntar íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara.
- Kynntar eru niðurstöður samstarfsnefndar varðandi skipulag stjórnarsýslu, fjármál, starfsmannamál o.fl.

Kosningar



- Kosningar fara fram í hverju sveitarfélagi fyrir sig samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.
- Kosningarétt eiga:
 - íbúar sveitarfélaganna sem náð hafa 18 ára aldri á kjördag
 - ríkisborgarar norðurlandanna sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag
 - aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag.
- Hægt er að kjósa utan kjörstaðar eins og við aðrar kosningar.
- Kosningin er bindandi.
- Kjörstjórnir sveitarfélaganna sjá um framkvæmd kosningar og talningu atkvæða.

Innleiðing breytinga



- Ef sameining er samþykkt skipa sveitarstjórnirnar stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags.
- Hlutverk undirbúningsstjórnar:
 - Semur samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar.
 - Tekur ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags. Ákvarðanir eru staðfestar af sveitarstjórnarráðuneyti.
 - Hefur vinnu við að endurskoða og samræma reglur.
 - Gerir tillögu til ráðuneytis um fyrirkomulag kosninga til sveitarstjórnar og gildistöku sameiningar.

Gildistaka og nýtt sveitarfélag



- Ný sveitarstjórn tekur við stjórn nýs sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag.
- Fyrstu verkefni eru:
 - Að samþykkja nýjar reglur og gjaldskrár.
 - Að velja nafn á sveitarfélagið í samráði við íbúa. Samráðið getur farið fram að frumkvæði undirbúningsstjórnar.
- Sveitarstjórn hefur fullt vald í málefnum nýs sveitarfélags.

RR RÁÐGJÖF

Hverfisgata 4
101 Reykjavík
rrradgjof.is
robert@rrradgjof.is
649-5535

